

## Fundargerð 4. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

(SSA) haldið í Végarði í Fljótsdal 28. og 29. september 2023

### Fimmtudagur 28. september

**09:30 - 10:00** Skráning og afhending fundargagna.

#### **10:00-10:10 Setning haustþings, skipun fundarstjóra og ritara**

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti haustþingið SSA 2023 kl. 10:00 og bauð ráðherra, þingmenn, fulltrúa og aðra gesti velkomna. Formaður SSA fór yfir kjörbréf og las upp nöfn fulltrúa á þinginu og bað þá um að standa upp. Að því búnu bar formaður upp tillögu um þingforseta, Kjartan Benediktsson og Björn Ingimarsson, og þingritara Helgu Eyjólfsdóttur og Urði Gunnarsdóttur. Var tillagan samþykkt með lófataki. Að því loknu afhenti Berglind Harpa þingforsetum stjórn fundarins og ritara tóku til starfa.

Þingforseti tók við og kynnti fyrirkomulag fundarins. Hann var boðaður til sveitarfélaganna fjórum vikum fyrir fund og dagskrá send út 10 dögum fyrir fund. Fundurinn telst löglega boðaður og kallaði þingforseti eftir því ef einhver teldi svo ekki vera. Enginn kvað sér hljóðs og þingforseti lýsti fundinn því lögmætan.

#### **10:30-11:15 Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra.**

Þingforseti bauð Guðlaugi Þór að stíga í pontu og ávarpa fundinn. Ráðherra kynnti fundarmönnum áætlanir og forgangsaðgerðir stjórnvalda til að uppfylla markmið í loftslagsmálum um 40% samdrátt útblásturs 2030. Ráðherra ræddi græna orkugjafa og þörfina á að gefa í á Íslandi sem annars staðar í heiminum. Lagði hann áherslu á viðbrögð við náttúruvá og fyrirætlanir um ofanflóðavarnir, þ.m.t. til atvinnusvæða og skoraði á sveitarfélög að tryggja að framtíðaruppbygging slíkra svæða yrði á öruggum svæðum. Ráðherra sagði aukið samstarf ráðuneytisins við sveitarfélög í ýmsum málum, t.d. á Vopnafirði og Eyglóar-verkefninu. Ræddi hann sameiningu stofnana í umhverfismálum, sem snýr m.a. að Vatnajökulsþjóðgarði. Einnig ræddi hann mikilvægi þess að færa opinber störf út á landsbyggðina þar sem verkefnin eru, fremur en að fjölga störfum án staðsetningar.

Árman Kr. Ólafsson kynnti tillögur umhverfis- og matvælaráðuneyta m breytingar á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum sem felast í því að flytja heilbrigðiseftirlit frá sveitarstjórnnum til stjórnvalda.

Guðlaugur Þór gaf kost á spurningum úr sal og var spurt um loftslagsbókhald, innviðaupbyggingu í hleðslu rafbíla og hversu vel tölur úr íslenskum landbúnaði væru teknar inn í loftslagsbókhaldið.

## **11:15-12:15 Fyrirlestur: Ragnhildur Vigfúsdóttir, markþjálfari, “hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki?”**

Þingforseti kynnti næsta fyrirlesara dagsins, Ragnhildi Vigfúsdóttur markþjálfara, en hún brýndi viðstödd til þess að nálgast lífið og einstök verkefni af jákvæðni og huga að því hvernig viðhorf okkar hafa áhrif á lífið.

Þingforseti tilkynnti að gert yrði fundarhlé til kl.13:15 á meðan farið yrði í hádegisverð í Skriðuklaustur.

## **12:15-13:15 Hádegisverður í Skriðuklaustri.**

### **13:15 Fundur hefst aftur.**

Þingforseti bauð formanni stjórnar, Berglindi Hörpu Svavarsdóttur, að flytja ávarp og mæla fyrir drögum að ályktun þingsins sem unnin var af stjórn SSA og vísað var til þingsins:

Í ávarpi sínu ræddi formaður nýliðinn fund sveitarstjórnarfólks á Austurlandi með ráðherrum ríkisstjórnarinnar og þá samstöðu sem þar hefði komið fram og vakið mikla athygli. Hún lagði áherslu á innviðauppbýggingu en einnig hversu mikilvægt það væri að vera samstíga að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð var í Svæðisskipulagi Austurlands. Máli skipti að útvíkka samráðsvettvanginn þannig að sem flestir hagsmunaaðilar á Austurlandi taki þátt í samtali um framtíðarsýn Austurlands og nýti svæðisskipulagið sem efnivið í þróunar- og nýsköpunarverkefni og frekari stefnumótun.

### **Drög að ályktun Haustþings 2023 lögð fram**

Berglind Harpa, formaður kynnti drög að ályktun sem samþykkt voru af stjórn SSA þann 25. september 2023 til framlagningar á þinginu. Voru drögin send út til sveitastjóra sveitarfélaganna þann 26. september sl. og áfram þaðan til þingfulltrúa. Þá vísaði formaður til hlekkis á heimasíðu fyrir þá sem vildu hafa rafrænt eintak.

Drögin voru byggð á svæðisskipulagi Austurlands og voru í fjórum köflum, sem endurspegla skipulagið: Austurland – góð heimkynni þar sem fjallað er um mál á borð við samgöngur, innviði, orkumál og umhverfismál; Austurland – svæði sóknarfæra, þar sem fjallað er um mál á borð við atvinnuþróun, matvælaframleiðslu húsnæðismál og skipulagsmál; Austurland – sterkt samfélag þar sem fjallað er um mál á borð við starf sveitarfélaga, menntamál, kjördæmamál og samfélagsþáttöku; og Austurland – ævintýri líkast, þar sem fjallað er um mál á borð við ferðaþjónustu, innviðauppbýggingu, íþróttastarf og heilsu og menningarstarf.

Þingforseti þakkaði Berglindi Hörpu fyrir hennar yfirferð. Hann tók fram að auk þessa hefðu fjórar tillögur borist frá sveitarstjórn Fljótsdals til Haustþingsins:

1. Haustþing SSA haldið í Végarði í Fljótdalshreppi 28. - 29 september 2023 samþykkir að beina því til innviðaráðherra og Vegagerðarinnar að hefja þegar uppbyggingu vega með bundnu slitlagi í Norður- og Suðurdal, inndölum Fljótsdals, og uppbyggingu vegar með bundnu slitlagi á Brúaröræfum.

2. Haustþing SSA haldið í Végarði í Fljótsdalshreppi 28. - 29. september 2023 samþykkir að beina því til ríkisstjórnar og Alþingis að hefja skoðun á því að breyta kjördæmaskipan landsins þannig að kjördæmi Austurlands verði til að nýju.
3. Haustþing SSA haldið í Végarði í Fljótsdalshreppi 28. - 29. september 2023 samþykkir að beina því til ríkisstjórnar og Alþingis að endurskoða löggjöf um búfjárhald og afréttamálefni og fjallskil með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á búskaparháttum og eignarhaldi og nýtingu á jörðum
4. Haustþing SSA haldið í Végarði í Fljótsdalshreppi 28. - 29. september 2023 samþykkir að skora á ríkisstjórn og Alþingi að fella þegar niður allar undanþágur á greiðslu fasteignaskatta af orkumannavirkjum.

Vísaði þingforseti tillögnum til umræðu í hópum 2 og 3.

Þá bauð þingforseti Dagmar Ýr, framkvæmdastjóra Austurbrúar, að kynna fyrirkomulag næsta liðs.

### **13:45-14:45 Hópavinna**

Dagmar Ýr kynnti fyrirkomulag hópavinnu en þingfulltrúum var skipt upp í fjóra hópa sem endurspegluðu meginþætti svæðisskipulagsins; Austurland - góð heimkynni, - svæði sóknarfæra, sterkt samfélag og ævintýri líkast. Allir þingfulltrúar komu að öllum fjórum hópunum, í um það bil 15 mínútur í hverjum og þótti þetta gefast ágætlega, þar sem þingfulltrúar náðu að einbeita sér betur að aðgerðum, þrátt fyrir að tíminn í hverjum málefni væri vissulega naumur.

### **15:15-15:30 Kaffihlé**

#### **15:30 Ingibjörg Ísaksen, fyrsti þingmaður NA-kjördæmis**

Ingibjörg fór yfir stöðuna í ýmsum málum í fjórðungnum, svo sem samgöngumál á landi og í lofti, menningarmál, styrki sem runnið hafa til ýmissa stofnana og aðila í fjórðungnum, menntun, íþróttastarf, heilbrigðisþjónusta, ofanflóðavarnir og orkumál.

Ingibjörg svaraði spurningum er varðar samgöngumál í fjórðungum í tengslum við fjármögnun, varaflugvallagjaldið og Fjarðarheiðagöng. Orkumál bar einnig á góma og nauðsyn þess að auka við fjármagn og rannsóknir á köldum svæðum. Þá sköpuðust einnig umræður um farsældarlögin.

Að því búnu bauð þingforseti Dagmar Ýr að fara yfir fyrirkomulagið á starfi þingsins daginn eftir, föstudag.

Að því loknu sleit þingforseti dagskrá fyrri hluta dags og bauð, fh. Fljótsdalshrepps, til dagskrár heimamanna og tilkynnti að mæting yrði í kvöldverð kl. 19:30.

Að því loknu tók við dagskrá heimamanna.

Í skemmtidagskrá í Snæfellsstofu voru afhent menningarverðlaun og viðurkenning til heiðursgests haustþings:

Menningarverðlaunahafi SSA 2023: Magnús Stefánsson, formaður félags ljóðaunnenda.

Heiðursgestur haustþings SSA 2023: Sigríður Bragadóttir, Vopnafirði.

Þá var komið við í aðstöðuhúsi sem er í byggingu við Hengifoss og sagt frá tilurð þess.

## **Föstudagur 29. september**

**9:00-10:00** Hópstjórar og ritarar hittust og undirbjuggu kynningu á niðurstöðum hópavinnu.

### **10:00-11:00 Umræður, afgreiðsla mála og lokafrágangur**

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna til síðari dags þings SSA. Fór hann yfir dagskrá dagsins. Því næst boðaði þingforseti að nú hæfust kynningar á niðurstöðum hópavinnu gærdagsins. Hópstjórar kynntu aðgerðaráætlanir hvers hóps og þær breytingar á ályktunum sem fram komu í hópavinnu fimmtudagsins.

Hópstjóri hóps 3 gerði ennfremur grein fyrir að tvær af fjórum tillögur Fljótsdalshrepps sem vísað var til hópastarfs hefðu verið felldar niður sem ályktun í hans hópi en settar sem aðgerðir: tillaga er varðar fiskeldissjóð, auðlindagjöld og orkumannvirki, og tillaga um að fela SSA að gera faglega úttekt á reynslu af kjördæmaskipan og skoða hvernig nýtt kjördæmi gæti litið út.

**11:00- 11:15** Þingforseti boðaði að nú hæfust umræður um ályktun þingsins sem þingfulltrúum var kynnt á fyrri degi þingsins. Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá og bað þá sem vildu taka til máls um ályktunina að koma í pontu.

Ragnar Sigurðsson lagði fram fyrirspurn um hvort ályktanir yrðu ræddar jafnhliða aðgerðum og hvar breytingartillögur yrðu lagðar fram.

Helgi Hlynur Ásgrímsson lagði til að tillagan um breytta kjördæmaskipan verði strokuð út og rökstuddi það með því að fjórðungurinn hefði sterkt atkvæðavægi í núverandi kerfi en að breyting myndi kalla mjög aukinn fjölda íbúa ef fjórðungurinn ætti að halda tveimur þingmönnum þar sem verið væri að jafna atkvæðavægi.

Helgi Gíslason svaraði því til að tillögur frá Fljótsdalshrepp hefðu verið felldar niður sem slíkar.

Berglind Harpa fagnaði umræðunni, og vísaði til þess að málið hefði verið tekið upp á fundinum með ríkisstjórninni. Verið væri að grípa til ýmissa aðgerða til að auka vægi fjórðungsins, m.a. með svæðisskipulagi og efnahagsgreiningu. Það væri af hinu góða að skoða málið með gerð sviðsmyndagreiningar, enda framundan að kjördæmið missti einn þingmann á næstu árum.

Þróstur Jónsson lagði fram málamiðlunartillögu um að stofna nýtt Fljótsdalskjördæmi. Hann sagði ennfremur mikilvægt að styðja sprotafyrirtæki betur því samtalið á milli stofnana og sveitarstjórna og fyrirtækja væri lítið. Hvatti sveitarstjórnarfólk til að kynna sér hvað slík fyrirtæki í fjórðungnum væru að gera og að fyrirtækin yrðu líka að vera öflugri í að kynna sig.

Berglind Harpa kallaði eftir meira samtali um hvað væri verið að taka fyrir í sveitarstjórnnum, brýndi alla í sveitarstjórnnum, Austurbrú o.fl. til frekara samtals.

Eypór Stefánsson var ánægður með hópastarf gærdagsins og sagði að aðgerðaráætlanir væru af hinu góða en velti því fram hvernig eigi að mæla slíkar aðgerðir og hvaða árangur náist með þeim.

Dagmar Ýr svaraði Eypóri að vegna tímaskorts hefði ekki náðst að fara yfir aðgerðir og leggja mælistikur en að þetta yrði gert á þar til gerðum vef. Mikilvægt væri að safna ekki bara upplýsingum heldur líka að fylgja þeim eftir. Þetta yrði kynnt á næsta haustþingi.

Þuríður Lillý vakti máls á því að það vanti samtal og samræmingu á milli sveitarfélaga, t.d. varðandi orkumál. Austurland þarf að vera mun samstilltara í mörgum stórum málum.

Dagmar Ýr fagnaði brýningu Þuríðar, sagði að hægt væri að koma á vinnuhópum sveitarfélaganna í ákveðnum málaflokkum. Þetta yrði tekið fyrir hjá stjórn SSA.

Þröstur Jónsson benti á að það færi ekki alltaf saman hljóð og mynd, þ.e. samtal og aðgerðir á milli stóru sveitarfélagana á Austurlandi. Hann lagði til að Múlaþing og Fjarðabyggð gerðust vinabæir og var þeirri tillögu fagnað með lófataki.

Lokaði þingforseti þar með mælendaskrá og tilkynnti að nú skyldi gengið til dagskrárliðarins afgreiðsla mála. Samþykkt var að ályktanir yrðu lagðar fyrir, kafla fyrir kafla og breytingartillögur ræddar.

### **Ályktanir haustþings 2023**

Þingforseti sagði að komið væri að atkvæðagreiðslu og bað kjörna fulltrúa um að standa upp og rétta upp hönd til að greiða atkvæði sitt þegar við ætti.

Ragnar Sigurðsson bað um orðið og gerði breytingartillögu við ályktun undir hópi 1, Austurland - Góð heimkynni. Lagði hann til að lokasetning málsgreinar 2 yrði tekin út: „Haustþing SSA leggur þunga áherslu á að hönnun ganga frá Seyðisfirði um Mjóafjörð til Norðfjarðar fari fram samhliða vinnu við Fjarðarheiðargöng“ og eftirfarandi setning sett inn í staðinn: „Haustþing leggur þunga áherslu á að stöðugt sé unnið að undirbúningi samgöngubóta þannig að hönnunarvinnu og rannsóknum sé lokið í tíma og valdi ekki töfum á nauðsynlegum framkvæmdum.“

Berglind Harpa lýsti sig andvíga tillögunni, sagðist ekki vilja slíta í sundur áætlanir um hringtengingu ganga. Hún væri mikilvæg öryggistenging, t.d. vegna ofanflóða. Hringtenging væri til umræðu í drögum að samgönguáætlun en lægi ekki endanlega fyrir.

Helgi Hlynur lagði til að breytingartillögu Ragnars yrði vísað frá.

Ragnar sagðist ekki ósammála Berglinni í grundvallaratriðum, en vildi halda umræðunni opnari.

Berglind lagði áherslu á að talað yrði skýrt í ályktunum og ítrekaði andstöðu sína við breytingartillöguna.

Greidd voru atkvæði um að vísa breytingartillögu Ragnars frá; 8 samþykktu, 9 voru á móti, 5 sátu hjá. Eftir yfirferð á atkvæðavægi var niðurstaðan sú að tillagan yrði tekin fyrir.

Greidd voru atkvæði um breytingartillögu Ragnars. 4 samþykktu, 17 voru á móti, 4 sátu hjá. Tillagan var felld.

Greitt var atkvæði um tillöguna óbreytta; 21 samþykkti, 3 voru á móti, 1 sat hjá.

Ragnar gerði ennfremur tillögu um að fjórðu málsgrein í sama kafla yrði breytt:

“Haustþing SSA ítrekar að framkvæmdir á heilsársvegi um Öxi og endurgerð á Suðurfjarðavegi hefjist sem fyrst. Slysatiðni er há á Öxi og Suðurfjarðarvegur er metinn einn hættulegasti vegakafli landsins. Í þessu sambandi áréttar Haustþingið að einbreiðar brýr eru tímaskekkja sem setja þarf aukinn kraft í að fjarlægja úr íslenska vegakerfinu.

Í stað hennar yrði eftirfarandi málsgrein sett í staðinn:

„Haustþing SSA ítrekar að framkvæmdir við endurgerð á Suðurfjarðarvegi og heilsársveg um Öxi hefjist sem fyrst. Slysatiðni er há á Öxi og Suðurfjarðarvegur er metinn einn af hættulegustu vegaköflum landsins auk þess að standa byggðarkjörnum suðurfjarða fyrir þrifum í áframhaldandi þróun. Í þessu sambandi áréttar Haustþingið að einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 eru tímaskekkja sem setja þarf aukinn kraft í að fjarlægja úr íslenska vegakerfinu. Jafnframt verði skoðað þegar til þess kemur hvort skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarvegur út frá arðsemi, öryggi og styttingar á Þjóðvegi 1. Haustþingið leggur þó áherslu á að sú skoðun seinki ekki framkvæmdum sem nú þegar eru áætlaðar og þola enga bið.“

Elís Pétur Elísson talaði fyrir þessari tillögu og lagði áherslu á að breytingin seinkaði ekki neinum framkvæmdum.

Berglind Harpa benti á að slík breytingatillaga með göngum í stað vegar geti sett áætlanir í hættu. Varaði hún við því að breyta aðferðarfræðinni, heldur ætti að setja þunga á að fjármagnið komi fyrir til þess að flýta framkvæmdum þar sem samgöngur eru undirstaða atvinnulífsins.

Heimir Snær Gylfason lagði áherslu á að fara í gangagerð, biðin eftir umbótum á veginum hefði dregist of lengi og nóg væri komið því vegakerfið bjóði einfaldlega ekki upp á það að bíða lengur.

Kjartan Benediktsson sagðist skilja tillöguna þannig að Suðurfjarðarvegur yrði alltaf inni en einnig mögulega göng.

Þuríður Lillý lagði áherslu á að í tillögunni væri ekki verið að ákveða heldur skoða, ekki væri verið að loka á möguleikann á göngum. Þá væri ekki ljóst hvað endurgerð vegarins fæli í sér.

Berglind Harpa lagði áherslu á að samgöngumálin væru gríðarlega mikilvæg og taldi mögulega að orðalag tillögunnar gæti seinkað uppbyggingu og velti því upp hver tímaramminn yrði.

Ragnar taldi einsýnt að það yrði ekki farið í hringtengingu á fjörðunum í kjölfar Fjarðarheiðarganga. Hann taldi brýnna að tengja Suðurfirði og Vopnafjörð en hringtengingu

fjarðanna. Þá benti hann á tækifærin sem einkaframkvæmdir bjóða upp á og að þau gætu flýtt fyrir framkvæmdum.

Eiður Gísli Guðmundsson sagði að breytingartillagan gæti seinkað framkvæmdum á Suðurfjarðarvegi og taldi að það gæti ekki beðið. Velti því upp hvort betra væri að setja breytingartillöguna inn í aðra tillögu en útskýrði það ekki frekar.

Líneik Anna nýtti sér málfrelsi, sagðist ekki ætla að taka afstöðu í málinu en minnti á vinnu Fjarðabyggðar og Austurbrúar tengdri Suðurfjarðarvegi. Vegurinn væri tekinn fyrir í samgönguáætlun og ef til vill þyrfti að breyta orðalagi til að vera í takt við hana.

Berglind Harpa taldi ábendingar Líneikar góðar og vildi fara í breytingar á orðalagi.

Ragnar samþykkti breytt orðalag um að taka út „áætlaðar“ og segja í staðinn „tillögur um“ til að samræma betur við vinnu við samgönguáætlun.

Eyþór Stefáns gat ekki séð að jarðgöng á Suðurfjörðum myndi flýta fyrir samgöngubótum. Skoðanir landshlutasamtaka væru ekki stór áhrifavaldur í forgangsröðun um göng. Benti á setninguna “einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 eru tímaskekkja” og velti því fyrir sér hvort einbreiðar brýr á öðrum fjölfarnari vegum væru ekki mikilvægar?

Þuríður vísaði til þess að þessu hefði verið breytt í meðförum stjórnar til að vera í samræmi við áherslur í vegamálum.

Þröstur Jónsson lagði fram að hægt væri að bæta við “einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 og öðrum fjölförnum vegum”. Hann sagði tillöguna skýra og ekkert að því að skoða málið til að komast að því hversu skynsamlegt þetta væri. Helgi Hlynur sagði að ef allir fulltrúar Fjarðabyggðar væru sammála þessari breytingartillögu þá gæti hann ekki greitt atkvæði gegn henni, þar sem hún væri mál Fjarðabyggðar.

Eyþór bað um að bæta við tillögu Prastar „og öðrum fjölförnum vegum“, þar sem rætt var um „Þjóðveg 1“

Ragnar samþykkti þessa breytingu.

Líneik vakti athygli á að eftir annað tímabil samgönguáætlunar verða næstum allar einbreiðar brýr á Austurlandi. T.d. eru 7 einbreiðar brýr í gamla Djúpavogshreppi. Ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessu og mikilvægt að taka sérstaklega fram á Alþingi, svo og að ekki væri verið að óska eftir breytingum á samgönguáætlun.

Greidd voru atkvæði með breytingartillögu Ragnars með breytingum sem gerðar voru á fundinum og var hún svohljóðandi:

„Haustþing SSA ítrekar að framkvæmdir við endurgerð á Suðurfjarðarvegi og heilsársveg um Öxi hefjist sem fyrst. Slysatiðni er há á Öxi og Suðurfjarðarvegur er metinn einn af hættulegustu vegaköflum landsins auk þess að standa byggðakjörnum Suðurfjarða fyrir þrifum í áframhaldandi þróun. Í þessu sambandi áréttar Haustþingið að einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 og öðrum fjölförnum vegum eru tímaskekkja sem setja þarf aukinn kraft í að fjarlægja úr íslenska vegakerfinu. Jafnframt verði skoðað þegar til þess kemur hvort

skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarveggar út frá arðsemi, öryggi og styttingar á Þjóðvegi 1. Haustþingið leggur þó áherslu á að sú skoðun seinki ekki framkvæmdum sem nú eru tillögur um og þola enga bið.”

Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta, enginn var á móti og einn sat hjá.

Aðrar ályktanir hópsins voru teknar fyrir hver fyrir sig:

Ályktun um Egilsstaðaflugvöll. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ályktun um stefnumótun og þróun regluverks um virkjunarkosti vindorku á Íslandi var samþykkt með miklum meirihluta, enginn var á móti en einn sat hjá.

Ályktun um síma- og netsamband. Hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ályktun um aukið samstarf varðandi hringrásarhagkerfi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **Hópur 2 - Austurland-svæði sóknarfæra**

Engar breytingartillögur voru gerðar við ályktanirnar og voru allar tillögurnar bornar upp í einu. Allar tillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

## **Hópur 3 - Sterkt samfélag**

Fram kom breytingartillaga í hópnum Austurland- Sterkt samfélag. Lagt var til að í annarri ályktuninni: „Mikilvægt er að einfalda allt regluverk í samskiptum ríkis og sveitarfélaga svo fjármunir nýtist frekar til að þjónusta íbúa og atvinnulíf í landshlutanum. Brýnt er að stjórnarsýslan á vettvangi ríkisins fari að starfa í takt við nýja tíma og tileinki sér stafrænar og umhverfisvænar lausnir.“ Lagt var til að sleppa "í samskiptum ríkis og sveitarfélaga".

Helga Hlyn þótti þetta ekki góð breyting og lýsti sig ósammála henni.

Breytingartillagan borin upp til atkvæðagreiðslu. Hún var samþykkt með miklum meirihluta, einn var á móti, einn sat hjá.

Aðrar ályktanir úr hópi 3 voru lagðar fram til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða.

## **Hópur 4 – Ævintýri líkast**

Í hópi 4 var gerð breytingartillaga um að bæta við hvatningu um að fjölga rafhleðslustöðvum í ályktuninni um uppbyggingu ferðamannastaða og ferðaleiða sem opnar eiga að vera allt árið um kring. „Tryggja þarf að vegir séu þjónustaðir yfir vetrartímamann **og rafhleðslustöðvum fjölgað** ef fjórðungurinn á að vera opinn gestum og íbúum hans allan ársins hring.“

Breytingartillagan var lögð fram til atkvæðagreiðslu, samþykkt samhljóða.

Eiður Gísli bar fram spurningu um hvernig ætti að tengja rafhleðslustöðvarnar þegar þeim væri fjölgað. Svör bárust um að þær aðgerðir væru í aðgerðaráætluninni.

Allar tillögur undir þessum lið voru bornar upp til afgreiðslu og samþykkt samhljóða.



Helgi Gíslason minnti á að breytingartillögur Fljótsdælinga hefðu horfið í vinnuhópum. Taldi að einhverjar þeirra hefðu öðlast líf í tillögum en lagði engu að síður fram nýja tillögu sem yrði viðbót við kaflana sem samþykktir höfðu verið.

„Haustþing SSA haldið í Végarði í Fljótsdalshreppi 28.-29. september 2023 samþykkir að beina því til innviðaráðherra og Vegagerðarinnar að hefja þegar uppbyggingu vega með bundnu slitlagi í dreifbýli á Austurlandi. Í ljósi aukins umferðarþunga, m.a. vegna ferðamanna, eru malarvegir víða á Austurlandi svo sem í Norður- og Suðurdal, í inndölum Fljótsdals og á Brúaröræfum, óboðlegir.“

Ragnar kvaðst sammála tillögunni en vildi bæta Þórdalsheiði við í upptalningu vega.

Dagmar Ýr benti á að það tillögur þurfa að vera samræmdar við aðrar tillögur og leggur til að taka út “Végarði og dagsetningu”. Leggur einnig til að taka út allar tilvísanir einstaka vegi. Halda

Heimir benti á að bæta þyrfti við „fjölfarnir“ malarvegir. Sú tillaga hlaut ekki hljómgrunn og var ákveðið að halda þeim hluta óbreyttum.

Tillagan var borin svohljóðandi upp til atkvæðagreiðslu.

„Haustþing SSA samþykkir að beina því til innviðaráðherra og Vegagerðarinnar að hefja þegar uppbyggingu vega með bundnu slitlagi í dreifbýli á Austurlandi. Í ljósi aukins umferðarþunga, m.a. vegna ferðamanna, eru malarvegir víða á Austurlandi óboðlegir.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **Fundaskipulag haustsins**

Næst bauð þingforseti Dagmar Ýr í pontu til að kynna fyrirkomulag í tengslum við svæðisskipulagið. Samkomulag um svæðisskipulagsnefnd yrði sent sveitarfélögum á næstu dögum og þegar það lægi fyrir gæti sú nefnd tekið formlega til starfa.

Þingforseti þakkaði framkvæmdastjóra fyrir yfirferðina:

### **Lokafrágangur**

Þingforseti bar upp þá tillögu að fundarritara og þingforseta yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar. Kallaði hann eftir því hvort einhver væri því á móti en svo reyndist ekki vera, og var hún samþykkt með lófataki.

Að lokum kynnti þingforseti að næsti haustfundur SSA yrði haldinn á Vopnafirði og gaf Söru Elísabetu Sveinsdóttur orðið. Sara kom í ræðustól og bauð fundarmenn velkomna til fundar á Vopnafirði haustið 2024.

Þingforseti bauð formanni að taka við og loka fundinum.

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður tók til máls. Þakkaði hún fundarmönnum fyrir fundinn. Einnig þakkaði hún Fljótsdælingum, þingforsetum og riturum, framkvæmdastjóra Austurbrúar og öðru starfsfólki fundarins fyrir þeirra störf. Að því búnu sleit formaður haustþingi 2023.

**Fundi slitið kl. 12:45.**

Fundargerð rita: Urður Gunnarsdóttir og Helga Eyjólfsdóttir